

Tapaðar kröfur og tjónbætur

09 973

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Tapaðar kröfur og tjónbætur

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Fjárlaga og efnahagsráðuneytið

kt. 550169-2829

Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Tapaðar kröfur og tjónbætur er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs í umsjón Fjármálaráðuneytisins.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 33 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 0,0 milljónir og afkoma kr. -26,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -26,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 0,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Tapaðra krafna og tjónbóta í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Tapaðra krafna og tjónbóta fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Guðrún Ögmundsdóttir
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
		<hr/>	<hr/>
Tekjur samtals		0	0
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	2	25.952.908	(504.875.292)
		<hr/>	<hr/>
Gjöld samtals		25.952.908	(504.875.292)
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(25.952.908)	504.875.292
Afkoma ársins		<u>(25.952.908)</u>	<u>504.875.292</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	3	0	524.875.292
Veltufjármunir samtals		<u>0</u>	<u>524.875.292</u>
Eignir samtals		<u>0</u>	<u>524.875.292</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	4	(25.952.908)	504.875.292
Eigið fé samtals		<u>(25.952.908)</u>	<u>504.875.292</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	3	5.952.908	0
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	5	20.000.000	20.000.000
Skuldir samtals		<u>25.952.908</u>	<u>20.000.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>0</u>	<u>524.875.292</u>
Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Annar rekstrarkostnaður		
Tapaðar kröfur	25.952.908	(504.875.292)
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	25.952.908	(504.875.292)
Annar rekstrarkostnaður samtals	25.952.908	(504.875.292)

3 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	524.875.292
	0	524.875.292

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	5.952.908	0
	5.952.908	0

4 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	504.875.292	(847.121.572)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(504.875.292)	847.121.572
Afkoma ársins	(25.952.908)	504.875.292
Jöfnuður 31.12.	(25.952.908)	504.875.292

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

5 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2021	31.12.2020
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	20.000.000	20.000.000
	20.000.000	20.000.000

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárfesting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	0	20.000.000	20.000.000
Breyting á fjárfestingarfjárveitingu skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	(20.000.000)	(20.000.000)
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	20.000.000	20.000.000
	0	20.000.000	20.000.000

Skýringar

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.